

Samstarfssamningur sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál

Eftirfarandi sveitarfélög á Suðurlandi; Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær, gera með sér svofelldan

samstarfssamning

um stofnun Menningarráðs Suðurlands, í tengslum við samning ríkis- og sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál.

1. grein.

Tilgangur samningsins er að stuðla að eflingu menningarstarfs á Suðurlandi með því að beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga á Suðurlandi við slíkt starf í einn farveg og auka um leið áhrif aðila á Suðurlandi á uppbyggingu og forgangsriðun verkefna á sviði menningarmála.

2. grein.

Menningarráð Suðurlands er sjálfstætt ráð sveitarfélaga á Suðurlandi. Hlutverk ráðsins er að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum, hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og stuðla að almennri vitund og þekkingu um málaflökkinn. Menningarráð Suðurlands úthlutar fjármagni til menningarverkefna á Suðurlandi, samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál og hefur eftirlit með framkvæmd þess samnings.

Menningarráðið er skipað fimm fulltrúum kosnum á aðalfundi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Lögð er áhersla á að fulltrúar ráðsins hafi góða tengingu við menningarstarfsemi á Suðurlandi.

Ráðið gerir sérstakan þjónustusamning við stofnanir er sinna menningarmálum, um að sinna verkefnum á vegum ráðsins.

Menningarráðið skal fyrir lok febrúar árið eftir senda menntamálaráðuneytinu skýrslu um framkvæmd samningsins þar sem m.a. kemur fram skipting framlaga samkvæmt samningi milli sveitarfélaga og ríkis um menningarmál, afrit samninga við styrkþega og mat á árangri verkefna sem hlutu styrk.

3. grein.

Menningarráð Suðurlands skal stofna menningarsjóð sem hefur það megin hlutverk að veita fé til menningarmála á Suðurlandi. Tekjur sjóðsins eru þau framlög sem koma til Menningarráðs Suðurlands frá ríki og sveitarfélögum og öðrum aðilum. Sjá nánar ákvæði 4. greinar. Menningarráð fer með yfirstjórn sjóðsins og setur honum úthlutunarreglur.

4. grein.

Ríkið greiðir árlega sérstakt framlag til Menningarráðs Suðurlands meðan samningur þessi er í gildi. Það framlag nær til allra beinna framlaga ríkissjóðs til menningarmála á Suðurlandi annarra en þeirra safna sem fá framlög skv. þjóðminjalögum, safnalögum og lögum um þjóðskjalasafn. Einnig greiða sveitarfélögin árlegt framlag til sjóðsins sbr. 5. og 6. grein samstarfssamnings ríkis og sveitarfélaga um menningarmál á Suðurlandi. Menningarráð Suðurlands skal veita fjármagni þessu m.a. til eftirfarandi:

- til að efla samstarf innan samstarfssvæða um menningarmál og til að styðja við þau verkefni er hafa menningarlegt gildi
- í verkefni er hafi það hlutverk að skilgreina menningarlegt gildi og sérkenni sveitarfélaga og svæða
- til stuðnings fornleifarannsókna og minjaverndar
- til sérstaks þjónustusamnings við stofnanir í menningarmálum um að sinna verkefnum á vegum Menningarráðs Suðurlands
- til að styðja við menningarhátíðir og viðburði í því skyni að auka menningarlega fjölbreytni
- til að efla atvinnustarfsemi á sviði lista
- til stuðnings við menningarstarf ungs fólks
- til stuðnings söfnum sem ekki njóta opinberra framlaga.
- til eflingar menningartengdri ferðaþjónustu.

Menningarráð Suðurlands skal auglýsa opinberlega eftir umsóknum um styrki af því fjármagni sem það hefur til umráða samkvæmt samningi ríkisins og sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál. Sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar á Suðurlandi geta sótt um styrki til menningarráðsins. Við úthlutun styrkja skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar; gæði verkefna, jafnræði og fjölbreytni menningarstarfs. Skilyrði fyrir úthlutun úr sjóðnum er að viðkomandi umsækjandi sýni fram á mótframlag til verkefnisins.

5. grein.

Framlög sveitarfélaga á Suðurlandi til menningarmála, á samningstímanum, nemi í upphafi ekki lægri fjárhæð árlega en framlag sveitarfélaganna er nú.

Sveitarfélögin stefna að því að verja auknu fjármagni til menningarmála á gildistíma samningsins.

6. grein.

Telji samningsaðilar að samningsbundnum skyldum sé ekki fullnægt geta þeir gert skriflega kröfu um að úr því verði bætt innan hóflegs frests. Menningarráð Suðurlands annast umsýslu slíkra mála. Sé ekki bætt úr annmörkum á framkvæmd samningsins getur samningsaðili sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara.

7. grein.

Menningarráð Suðurlands leggur árlega fram á aðalfundi SASS; ársskýrslu, endurskoðaðan ársreikning og fjárhagsáætlun næsta árs. Í ársskýrslu gerir menningarráðið m.a. grein fyrir skiptingu framlaga samkvæmt samningi þessum og afhendir Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga afrit af samningum við styrkþega. Jafnframt gerir Menningarráðið grein fyrir því hvernig sveitarfélögin og ríkissjóður hafa staðið við skuldbindingar sínar gagnvart samningnum skv. 3. og 4. gr. hans.

8. grein.

Samningur þessi gildir til ársloka 2009 Eigi síðar en 6 mánuðum fyrir þann tíma munu aðilar kanna grundvöll fyrir áframhaldandi samningi.

9. grein.

Leysi samningsaðilar ekki ágreiningsmál sem rísa kann vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands

10. grein.

Samningur þessi er gerður í 14 samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu. Framangreindu til staðfestu eru undirskriftir aðila.

Ákvæði til bráðabirgða

Stjórn SASS kýs menningarráð sem starfar fram að næsta aðalfundi samtakanna 1. og 2. nóvember nk.

Eyrarbakka, 2. maí 2007

F. h. Ásahrepps,

F.h. Bláskógabyggðar

F.h. Flóahrepps

F.h. Grímsnes- Grafningshrepps

F.h. Hrunamannahrepps

F.h. Hveragerðisbæjar

F.h. Mýrdalshrepps

F.h. Rangárþings eystra

F.h. Rangárþings ytra

F. h. Skaftárhrepps

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar

F.h. Sveitarfélagsins Ölfuss

F.h. Vestmannaeyjabæjar
